

## **M-85/2015 Álit 29. mars 2016 – Endurupptaka á M-36/2013**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. mars 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-85/2015:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 12. apríl 2013 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bátsvél og fylgihlutum hennar, ásamt atriðum er varða ísetningu vélarinnar, en vélina og þjónustu við ísetningu hennar keypti hann af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst úrbóta auk skaðabóta.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftndin lauk meðferð á hinu endurupptekna máli með álitsgerð, dags. 13. mars. 2014. Í álitinu var öllum kröfum álitsbeiðanda hafnað. Hinn 11. mars 2015 leitaði álitsbeiðandi til umboðsmanns Alþingis vegna máls síns. Í kjölfar ábendinga umboðsmanns var málið endurupptekið með bréfi, dags. 12. október 2015. Bréfinu, sem sent var seljanda sem og álitsbeiðanda, fylgdi afrit af sérfræðiálitni bifvélavirkja er kæruneftndin hafði leitað til undir rekstri hins endurupptekna máls og hafði verið byggt á við niðurstöðu kæruneftndarinnar dags. 13. mars. 2014. Var báðum aðilum máls gefinn kostur á að gera athugasemdir við sérfræðiálitnið. Er rétt að taka fram að við útsendingu á sérfræðiálitinu var upplýsingum um dagsetningu álitsins bætt við skjalið, þar sem þær upplýsingar höfðu einungis áður sést í rafrænum upplýsingum um skjalið, en ekki á skjalinu sjálfu, þar eð að skjalið hafði á þeim tíma sem það var útbúið, ekki verið hugsað til útsendingar til aðila máls, heldur aðeins til kæruneftndarinnar. Álitsbeiðandi fékk síðan frest til 20. nóvember til að skila athugasemdum við sérfræðiálitnið og koma að frekari gögnum eða upplýsingum. Bárust athugasemdir álitsbeiðanda hinn 20. nóvember.

Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu má rekja upphaf málsins til ársbyrjunar 2011 þegar álitsbeiðandi leitaði eftir tilboði frá seljanda um vélaskipti í bát sinn, en bátinn notar álitsbeiðandi til dagróðra. Gerði seljandi álitsbeiðanda tilboð í tvennu lagi hinn 28. janúar og 2. mars 2011. Með tölvupóst hinn 2. mars féllst álitsbeiðandi á tilboð seljanda. Tóku tilboðin tvö m.a. til kaupa á vél, gír, mælaborði, skrófu, öxulfangi o.fl. og var samtals fjárhæð beggja tilboðanna kr. 1.499.800 án virðisaukaskatts. Í bréfi sem álitsbeiðandi sendi seljanda til staðfestingar á því að hann tæki tilboðinu kom fram að hann gerði ráð fyrir að fjárhæð tilboðsins væri háð gengi USD og afhendingartími yrði 7-9 vikur. Í tölvupóstinum spurðist álitsbeiðandi einnig fyrir um hvort ábyrgðartími seljanda á vél og búnaði væri ekki örugglega 2 ár. Í svari seljanda, dags. 3. mars, staðfesti seljandi að hann myndi ganga frá pöntun á vél o.fl. frá verksmiðju strax daginn eftir og að hann myndi „[setja] allt annað í gang.“ Hinn 28. apríl 2011 gaf seljandi út reikning að fjárhæð kr. 1.499.800 án virðisaukaskatts, þ.e. kr. 1.882.249 með virðisaukaskatti. Mun álitsbeiðandi hafa gengið frá fullnaðargreiðslu reikningsins samdægurs, en kr. 500.000 af fjárhæðinni hafði álitsbeiðandi greitt hinn 2. mars í staðfestingargjald. Samkvæmt reikningnum mun álitsbeiðandi hafa keypt

eftirtalda hluti af seljanda: Westerbeke 30C vél með gír 2.5:1, Admiral mælaborð, pústhné m/sjókælingu, hljóðkút, varahlutasett, driftengingu, skrúfu, alternator, stjórnþæki og sjóinntak með loka.

Sem fyrr segir voru umræddir hlutir ætlaðir til ísetningar í bát álitsbeiðanda, Z xx-00. Er báturinn smíðaður árið 1899 og mun, að sögn álitsbeiðanda, vera eitt elsta fley sem heimild hefur til fiskveiða hér við land. Árið 2010 var báturinn gerður upp. Segir álitsbeiðandi að ætlan hans hafi verið að gera bátinn út sumarið 2011 til handfæraveiða frá Gjögri, en það hafi ekki gengið upp. Báturinn var sjósettur og prufukeyrður í Reykjavíkurböfn hinn 20. ágúst 2011, þá að lokinni viðgerð og ísetningu nýrrar vélar. Viðstaddir prufukeyrslu voru álitsbeiðandi, ásamt A skipasmíðameistara, sem gerði upp bátinn og B járnsmiði, sem sá um niðursetningu á vél og búnaði. Hinn 21. ágúst 2011 var Z xx-00 flutt á bíl til Hólmavíkur og daginn eftir á Gjögur þar sem báturinn var sjósettur. Hinn 26. apríl 2012 kom A á Gjögur og gekk frá nokkrum smáatriðum í bátnum sem ekki hafði unnist tími til að ljúka sumarið áður. M.a. stillti hann öxul. Var báturinn prófaður í kjölfarið.

Vorið 2012 var báturinn, eftir endurbætur, fyrst notaður til veiða. Hinn 16. maí fékk báturinn tóg í skrúfunu. Þá hafði vél bátsins verið keyrð samtals um 5 klst. Á tímabilinu 17. maí til 4. júní kveðst álitsbeiðandi hafa farið í nokkra róðra á bátnum og á þeim tíma keyrt vél hans samtals rúmlega 26 klst. án þess að verða var við nokkuð óeðlilegt. Hinn 4. júní 2012 bilaði gírinn í bátnum, en þá hafði vélin verið keyrð samtals 31,5 klst. Hinn 6. júní var gírinn tekinn frá og farið með hann suður til Reykjavíkur. Sama dag talaði álitsbeiðandi við seljanda og sagði honum m.a. frá því að hann hefði fengið tóg í skrúfu bátsins hinn 16. maí. Um tveimur vikum eftir að gírinn bilaði hafði álitsbeiðandi fengið afhentan nýjan samskonar gír frá seljanda. Gírskiptin voru framkvæmd af C hjá D. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi neitað að standa við þau fyrirheit sín að greiða reikning D yfir gírskiptunum, hafi hann því neyðst til að greiða þann reikning sjálfur, en reikningurinn, dags. 29. júní 2012, var að fjárhæð kr. 49.196.

Kröfugerð álitsbeiðanda gagnvart seljanda tekur á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi telur álitsbeiðandi að gír sá er hann keypti af seljanda hafi verið of veikburða til að nýtast í það hlutverk sem honum var ætlað í bát álitsbeiðanda. Telur álitsbeiðandi þá staðreynd að tóg kom í skrúfu báts síns ekki vera ástæðu þess að gírinn bilaði, en meira að segja ef svo væri, þá bæri það merki um að gírinn væri of veikburða til að nýtast almennt í bát sem ætlaður væri til fiskveiða. Þar sem seljandi vissi vel að báturinn sem gírinn var settur í yrði notaður til fiskveiða væri það á hans ábyrgð að gírinn hentaði ekki til notkunar í bátnum. Þá bendir álitsbeiðandi m.a. á að líklega sé skrúfa bátsins of stór fyrir gírinn. Telur álitsbeiðandi því að gírinn hafi verið haldinn galla sem seljandi beri ábyrgð á. Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi leggi sér til nægjanlega öflugan gír ásamt nýrri skrúfu, reynist það rétt að skrúfan sé of stór. Í öðru lagi telur álitsbeiðandi að seljandi eigi að greiða sér útlagðan kostnað vegna útskiptingar á umræddum gír sem framkvæmd var af D, en sú viðgerð kostaði kr. 49.196 skv. reikningi útgefnum hinn 27. júní 2012. Þá gerir álitsbeiðandi kröfu um að seljandi greiði sér dráttarvexti vegna þess reiknings frá 1. júlí 2012. Í þriðja lagi telur álitsbeiðandi að seljanda beri að endurgreiða sér gengismun vegna reiknings seljanda frá 28. apríl 2011, kr. 63.222 auk dráttarvaxta. Kröfu sinni til rökstuðnings bendir álitsbeiðandi á að gengi USD hafi verið lægra á greiðsludegi reikningsins en fjárhæð reikningsins miðaði við. Þann mismun eigi seljandi að endurgreiða sér. Í fjórða lagi tekur kröfugerð álitsbeiðanda á uppgefnum hámarks snúningshraða vélar þeirrar er hann keypti af seljanda hinn 28. apríl 2011. Segir álitsbeiðandi að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eigi vélin að ná 3600 snúningum á mínútu. Hann hafi hins vegar ekki komið vélinni í meiri snúning en 1500 á mínútu. Telur álitsbeiðandi að seljandi eigi að tryggja að vélin nái uppgefnum hámarks snúningshraða. Í fimmta lagi gerir álitsbeiðandi kröfu um að seljandi viðurkenni að ábyrgðartími á umræddum búnaði sé tvö ár, en ekki eitt ár líkt og seljandi haldi fram. Þá telur álitsbeiðandi að ábyrgðin eigi að gilda frá og

með 20. ágúst 2011, en þá var bátur álitsbeiðanda fyrst sjósettur eftir ísetningu vélbúnaðarins. Í sjötta lagi gerir álitsbeiðandi kröfu um að seljandi greiði sér skaðabætur vegna tapaðs hagnaðar. Vísar álitsbeiðandi til þess að vegna bilunar á gírnum hafi hann misst af 11 dögum á strandveiðum sumarið 2012, þ.e. frá 5. til 21. júní. Nemi tjón hans samtals kr. 852.222 auk vaxta. Er krafa álitsbeiðanda studd með útreikningi hans á ætluðum afla á umræddum 11 dögum, m.v. meðalafla þeirra 16 daga sem báturinn fór í róðra sama sumar. Þá gerir álitsbeiðandi einnig þá kröfu að seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 146.944 vegna annarra útgjalda sem til komu vegna útskiptingar á gírnum, þ.e. aksturskostnað. Er sá kostnaður rökstuddur með vísan til kílómetragjalds ríkisskattstjóra, þ.e. kr. 114,8 á kílómeter, en vegalengdin frá Gjögri og til Reykjavík eru 320 km., en þá leið þurfti að aka fram og til baka, tvisvar.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda og gögnum sem þeim fylgdu lýsir seljandi atvikum málsins sem svo að skömmu eftir að álitsbeiðandi hafi farið að nota vélbúnað þann er hann hafði keypt af seljanda hafi hann haft samband við seljanda og talið gírinn gallaðan þar sem hann kúplaði ekki saman og skrúfan færi ekki á snúning. Segir seljandi að hann hafi sagt álitsbeiðanda að þar sem um nýjan búnað væri að ræða ætti álitsbeiðandi að athuga olíuhæð og önnur þau atriði sem gætu haft áhrif á virkni gírsins. Skoðaði álitsbeiðandi þessi atriði, en það mun ekki hafa breytt neinu, kúplingin hafi ekki virkað. Segir seljandi að samkvæmt þessum athugunum hafi litið út fyrir að gírinn væri gallaður og í þeirri trú var pantaður nýr gírkassi sem afhentur var álitsbeiðanda án endurgjalds. Á því tímabili er verið var að setja gírinn í bátinn hafi síðan komið í ljós að sterkt tóg hafði farið í skrúfubúnað bátsins og stoppað öxulinn. Segir seljandi að við slík óhöpp virki tógið sem bremsa á öxulinn.

Í þessu samhengi bendir seljandi á að allir skráðir fiskibátar séu tryggðir fyrir óhöppum sem þessum og beri því að tilkynna óhapp sem þetta til þess tryggingafélags sem tryggi bátinn. Að forðast að tilkynna tjónið og bera fyrir sig galla og lélegan búnað til að sleppa við kostnað sem sjálfsábyrgð fylgi sé, að mati seljanda, ódrengilegt og ekki í anda þess sem hann eigi að venjast í samskiptum sínum við viðskiptavini. Upp hafi komist um óhappið þegar seljandi sá mynd af tóginu. Því hafi seljandi þvertekið fyrir að greiða einnig fyrir niðursetningu á gírnum, nóg hafi verið komið og það um of.

Segir seljandi enn fremur að þar sem álitsbeiðandi hafi kosið að tilkynna tjónið ekki til síns tryggingafélags, liggi beinast við að hann beri tjónið sem hann olli sjálfur. Seljandi eigi ekki að þurfa að bera kostnað af annarra óheppni. Segist seljandi vera þekktur fyrir að veita góða þjónustu og því var gírinn pantaður í hvelli og ekki hafi komið neitt annað til greina en að bera fulla ábyrgð á biluninni, hefði verið um að ræða verksmiðjugalla, sem var ekki. Segist seljandi að lokum vera með reikning fyrir hinum nýja gír, sem verði sendur þegar fyrir liggir hver þurfi að borga tjónið, álitsbeiðandi eða hans tryggingafélag.

Meðfylgjandi andsvörum var ljósmynd af skrúfu umrædds báts, með tóg í, afrit af tryggingaskilmálum hinna ýmsu tryggingafélaga, ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum seljanda við starfsmann tryggingafélags, þar sem svarað er fyrirspurn seljanda um hvort það falli undir bótaskyld tjón þegar bátar fái í skrúfunu.

#### V

##### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að rétt sé að bátur álitsbeiðanda hafi fengið í skrófunu. Það hafi gerst hinn 16. maí 2012 og hafði vél bátsins þá verið keyrð í samtals 5 tíma. Eftir að losað hafi verið úr skrófunni hafi verið allt í lagi með gír og vél líkt og búast mátti við, miðað við hvað gerst hafði. Segir álitsbeiðandi að á næstu 19 dögum hafi hann farið í nokkra róðra og keyrt vélina í samtals 26,5 tíma og allt hafi virst í stakasta lagi. Að kvöldi 4. júní 2012 segist álitsbeiðandi, eftir róður, hafa verið að færa bátinn frá bryggjunni á Gjögri í Karlshöfn á Gjögri, um 200 metra. Þá hafi gírinn hætt að virka.

Álitsbeiðandi hafnar þeirri fullyrðingu seljanda að komið hafi í ljós þegar verið var að setja nýjan gír í bátinn, sem álitsbeiðandi segir að hafi ekki verið lokið fyrir en 30. júní, að í skrófu hans hafi komið tóg. Hið rétta sé að álitsbeiðandi hafi sagt seljanda frá tóginu á sama tíma og hann tilkynnti honum að gírinn væri bilaður, þ.e. hinn 5. júní. Þessu til stuðnings vísar álitsbeiðandi í dagbókarfærslu sína fyrir þann dag.

Vegna þeirrar staðhæfingar seljanda um að sér hafi borið að tilkynna tjónið sem hafi orðið, þ.e. þegar tóg kom í skrófu bátsins og fá það bætt úr tryggingum í stað þess að bera fyrir sig galla, vísar álitsbeiðandi til þess að 19 dagar hafi liðið frá því að hann fékk í skrófunu og þar til öxullinn gaf sig. Í millitíðinni hafi, sem fyrir greinir, vélin verið keyrð í 26,5 tíma. Það hafi því ekki verið neitt tjón til að tilkynna. Þegar seljanda hafi hins vegar sjálfum hugkvæmst að gera málið að tryggingamáli, hafi álitsbeiðandi sent tryggingafélagi sínu skýrslu um tjónið.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda er að finna ítrekun seljanda á því að hann telji tjón á gír í bát álitsbeiðanda vera tryggingamál en ekki gallamál.

## VII

### **Enn frekari athugasemdir álitsbeiðanda**

Í enn frekari athugasemdum álitsbeiðanda ítrekar álitsbeiðandi að hann telji að gír í bát sínum hafi verið haldinn galla. Þá rekur hann að sá gír sem hann fékk í kjölfar þess að hinn umdeildi gír bilaði, sé dyntóttur og sýni ýmis merki þess að hann muni einnig bila fljótlega.

## VIII

### **Spurningar kærunefndarinnar til álitsbeiðanda**

Með bréfi, dags. 28. nóvember sl., óskaði kærunefndin eftir gögnum og nánari upplýsingum frá álitsbeiðanda, m.a. afstöðumyndum af vél, öxul og gír, upplýsingum um hvaða gerð ástengja var notuð milli gírs og öxuls, hvort farið hafi verið eftir leiðbeiningum framleiðanda við samsetningu ásamt nánari upplýsingum um einstök atriði samsetningarinnar, upplýsingum um gerð olíu sem notuð var á gír og hvort öxull var athugaður eftir að tóg fór í skrófu bátsins. Umbeðin gögn og upplýsingar bárust frá álitsbeiðanda hinn 13. desember.

## IX

### **Spurningar kærunefndarinnar til seljanda**

Með bréfi, dags. 7. janúar sl., óskaði kærunefndin eftir gögnum og upplýsingum frá seljanda, m.a. um hverjar væru ástæður þess að mælt var með annarri olíutegund á hinn umdeilda gír, en þeirri er framleiðandi gírsins mælti með. Eins var beðið um upplýsingar um ýmis atriði er varðaði samsetningu og niðurstetningu á vél og vélarhlutum þeim er um var deilt. Umbeðin gögn og upplýsingar bárust frá seljanda hinn 16. janúar sl.

## X

### Athugun kærunefndarinnar

Hinn 3. mars sl. fóru starfsmaður kærunefndarinnar og sérfræðingur nefndarinnar á starfstöð seljanda og skoðuðu þar gír þann er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 28. apríl 2011. Var gírinn tekinn í sundur og einstakir hlutir hans skoðaðir nákvæmlega. Leiddi skoðunin ekki í ljós neinar skemmdir eða óeðlilegt slit á gírnum.

## XI

### Úr álitni bifvélavirkja

Öll gögn málsins voru send bifvélavirkja til að hann gæti gefið álit sitt á þeim þáttum málsins er vörðuðu hans sérsvið. Skilaði bifvélavirkinn álitni sínu 11. mars. 2013. Í álitni bifvélavirkjans segir m.a.:

„Niðurstaðan í þessu máli er sú að þegar allar upplýsingar eru lagðar saman er þegar álitsbeiðandi fær tógið í skrúfuna byrjar atburðarás sem þarf nokkra rannsókn til þess að skilja til hlítar sem gefur trúverðuga niðurstöðu.

Eins og segir úr gögnum málsins, að eftir aðeins fimm tíma notkun á bátnum þá fékk álitsbeiðandi tóg í skrúfuna eftir það hefði hann tekið bátinn á þurrt og tekið tógið úr skrúfunni.

Og úr nýjum gögnum frá álitsbeiðanda er tekið fram í lið 8: „Að sjálfsgöðu var hugað að öxli og skrúfu eftir að bandið hafði verið fjarlæggt en ekkert sá á stefnisröri né skutfóðringu. Þá snéri ég skrúfunni en ekkert kast var sjáanlegt á skrúfuöxli. Engum þeirra sem að þessu máli komu með einum eða öðrum hætti höfðu hugmyndaflug til þess að ætla að það þyrfti að öxuldraga eftir óhappið.“ (stytt)

Eftir það hefði báturinn verið í notkun í 26 tíma og þá hefði gírinn gefið upp öndina þ.e. virkaði ekki áfram. Þetta gerðist eftir róður við færslu á bátnum frá bryggjunni Gjögri í Karlshöfn, um 200 metrar, Gjögri.

Í fyrstu, samkvæmt gögnum málsins hefði mátt skilja að gírinn hafði gefið sig vegna galla en eftir að hafa skoðað gírinn í starfsstöð Y, kom í ljós að það sá ekkert á gírnum. Eftir að ég var búinn að kynna mér virkni gírsins, hvernig hann virkar, þá er hann eiginlega útbúinn öryggi á þann hátt að kúplingin í gírnum getur gefið eftir. Kúplingarnar eru þannig gerðar að þær eru kónískar og er skiptimúffan sem er færð við skiptin á milli áfram og afturábak gírs er á gengju, þ.e. við meira vélarátak í gírinn þá tekist kóníska tengingin betur saman við gírahjólíð. Þetta byggist á því að rétt skrúfa sé notuð þ.e. að hún skrúfi réttsælis miðað við að staðið sé fyrir aftan bátinn horft á skrúfuna og reyndist svo vera. Snúningur skrúfunnar réttsælis hefur áhrif á skiptimúffuna í gírnum og vegna þess að múffan gengur á gengjum gengur múffan fram í áframgírhjólíð og tengir.

Við að fá tógið í skrúfuna við ekki mikið vélarátak þá gefur tengingin eftir þ.e. snuðar en ef vélarátakið er aukið þá eykst tengiátakið en samkvæmt gögnum málsins var drepíð strax á vél bátsins og sást það augljóslega á gírnum að hann var óskemmdur.

Við að fá tógið í skrúfuna þá hefur afstaða skrúfunar og skrúfuöxulsins breyst við gírinn. Þessi afstaða er mikilvæg vegna þess hvernig gírinn vinnur.

Þessi afstaða var ekki athuguð eða yfirfarinn þegar gírinn hætti að virka heldur var ákveðið að skipta gírnum út og þá var þessi afstaða yfirfarin og stillt við ísetningu á nýja gírnum. Álitsbeiðandi og seljandi héldu fyrst að um galla væri um að ræða og lét seljandi í té til álitsbeiðanda nýjan gír.

Það sem breytir afstöðunni á skrúfunni eða öxulsins við gírinn sem fyrr segir eru þeir kraftar sem myndast þegar skrúfan gerir upp tógið og herðist utanum fremri hluta skrúfunnar og skutpípuna. Hluti tógsins fer á milli skrúfunnar og skutpípunnar. Við þessa krafta sem myndast við þetta aflagast stilling skrúfuöxulsins við gírinn. Ekkert ástengi var notað við

gírinn til þess að mykja kraftanna í gírinn. Y hafði gefið út að ekki væri þörf á slíkum ástengjum.

Ástæða þess hvers vegna gírinn hætti að virka eftir 26 tíma notkun má rekja til þess að báturinn Z xx-00 fékk í skrúfunu og afstaða skrúfunnar og skrúfuöxulsins við gírinn var ekki athuguð þ.e. t.d. með því að öxuldraga öxulinn úr bátnum og kannað hvort hluti tógsins hafi herst á milli skrúfunnar og skutpípunnar og breytt afstöðunni við gírinn og hvort öxullinn hafi bognað í endann við skrúfunu eða dregist aftur og komið í veg fyrir tengingu eða stöpp bolti á flangs hafi losnað.

Tekið er fram í eigendahandbók/verkstæðishandbók gírsins í sambandi við fyrstu skoðun þ.e. eftir 25 tíma, að skipta eigi um olú á gírnum. Eftir 6 mánaða notkun: að fara yfir stillingar skiptiarmsins þannig hann fari örugglega á stoppið í báðar áttir. Árlega: kannaðar séu allar stillingar og yfirfara afstöðu vélar og skrúfuöxuls sé rétt. Skipta um olú á gírnum.

Ein af kröfum álitsbeiðanda er sú að gírinn henti ekki til þessara notkunar sem álitbeiðandi er að nota bátinn í. Ekki get ég fallist á það því að úr eigendahandbók gírsins er tekið fram til hvaða stærðar báts eða vélar mun þessi gír henta og þar kemur fram að þessi gír er gerður fyrir skemmtibáta eða léttu vöruflutninga. Sé miðað við skemmtibáta sé notkunin 500 klst. á ári og hámarks inngjöf sé ekki meiri en 5% af tímanum. Sé miðað við léttu vöruflutninga þá er notkunin 2000 tímar á ári. Vélín sem álitsbeiðandi er með er 25-27 hestöfl samkvæmt gögnum málsins. Gírinn er gefinn upp fyrir að þola 47 hestöfl í skemmtibát og 32 hestöfl fyrir léttu vöruflutninga. Vél álitsbeiðanda er 25-27 hestöfl og miðað við hans aðstæður ætti þessi gír að henta vel fyrir hans notkun.

Niðurstaða álitsins til kærunevndarinnar er að gírinn sem álitbeiðandi fær afhentan með vélinni var ekki haldin galla.

Að gírinn hentar til þessara stærðar báts eða vélar sem er 25-27 hestöfl og notkunar sem álitsbeiðandi notar bátinn í.“

## XII

### **Athugasemdir álitsbeiðanda í kjölfar endurupptöku**

Í athugasemdum álitsbeiðanda í kjölfar endurupptöku málsins fyrir nefndinni koma m.a. fram athugasemdir álitsbeiðanda við að álit bifvélavirkja sé nú dagsett, er næst rakið að í kvörtun álitsbeiðanda til umboðsmanns Alþingis sé að finna ábendingar um staðreyndavillur eða spuna í áliti bifvélavirkjans en að auki vísar álitsbeiðandi til álits véltæknifræðings, sem álitsbeiðandi aflaði sjálfur, og er það álit dags. 19. nóvember 2015.

Í því áliti, sem ritað er af E, kemur fram að álitsgefandi skilur ekki af hverju gírinn sem hann er að skoða hafi verið dæmdur ónýtur, enda sjái ekkert á neinu inni í gírnum sem ekki sé eðlilegt slit og ekkert verði séð á gírnum sem bendi til þess að hann hafi orðið fyrir óeðlilegu hnjaski, svo sem vegna tógs í skrúfu.

Í kvörtun álitsbeiðanda til umboðsmanns Alþingis er síðan að finna mikinn fjölda athugasemda við hin ýmsu atriði í tengslum við álit kærunevndarinnar frá 13. mars. 2013 og eru atvik málsins rakin í löngu máli. Má þar nefna helst að álitsbeiðandi telur að kærunevndin hafi við málsmeðferð sína brotið á álitsbeiðanda málshraðareglu, jafnræðisreglu og andmælarétt. Þá telur álitsbeiðandi að kærunevndin hafi ekki lesið, eða ekki skilið undirliggjandi gögn málsins í tengslum við niðurstöðu nefndarinnar um kaupverð og gengi erlendra gjaldmiðla, án þess að útskýra frekar í hverju sá misskilningur felist. Eins telur álitsbeiðandi að kærunevndin hafi túlkað ákvæði laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup ranglega, að málsatvik eins og þeim sé lýst í málinu séu röng og að ýmis atriði séu misrituð í áliti nefndarinnar.

## XIII

### **Niðurstaða kærunevndarinnar**

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um

lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

## 1.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bátsvél með gír af seljanda, ásamt hinum ýmsu aukahlutum, svo sem skrúfu, alternator, stjórnækjum, mælaborði, pústhné, hljóðkút, öxulfans, sjóinntaki og varahlutasetti. Var kaupverðið kr. 1.882.249 og var reikningur fyrir kaupnum gefinn út hinn 28. apríl 2011, en kaupin fóru fram í kjölfar tveggja tilboða seljanda sem álitseiðandi samþykkti hinn 3. mars 2011 með tölvupósti. Hinir keyptu hlutir voru ætlaðir í bát álitsbeiðanda, Z xx-00, en bátinn notar álitsbeiðandi til strandveiða og gerir út frá Gjögri. Umræddur bátur, sem er trébátur, hafði verið gerður upp á árinu 2010 og í framhaldi af því fór álitsbeiðandi að huga að vélarskiptum. Niðursetning hinnar nýju vélar ásamt aukahlutum var ekki framkvæmd af seljanda, heldur af þriðja aðila sem ekki er aðili að þessu máli. Mun niðursetningu vélar hafa lokið síðla sumars 2011 og var báturinn sjósettur og prufukeyrður í Reykjavíkurböfn hinn 20. ágúst 2011. Er þó rétt að geta þess að seljandi mun, skv. gögnum málsins, hafa veitt ráðgjöf um niðursetningu vélar, gírs og annarra hluta.

Vorið 2012 hóf álitsbeiðandi að nota bátinn til strandveiða frá Gjögri. Hinn 16. maí mun álitsbeiðandi hafa fengið tóg í skrúfu bátsins, en á þeim tímapunkti hafði hin nýja vél verið keyrð í samtals 5 klst. Hinn 4. júní 2012 hætti skrúfa bátsins að snúast og taldi álitsbeiðandi að gír bátsins væri gallaður. Þá hafði vél hans verið keyrð í samtals 31,5 klst. Af gögnum máls verður ráðið að álitsbeiðandi hafi tilkynnt seljanda um að hann teldi gírinn gallaðan, ekki síðar en hinn 6. júní, en þá var gírinn tekinn úr bátinum og ekið með hann suður. Um tveimur vikum síðar fékk álitsbeiðandi afhentan nýjan samskonar gír frá seljanda. Kostnað við gírskiptin neitaði seljandi hins vegar að greiða með vísan til þess að hann teldi að bilun í gírnum yrði ekki rakin til verksmiðjugalla, heldur til þess að tóg kom í skrúfu báts álitsbeiðanda. Taldi seljandi því að um tryggingamál væri að ræða og taldi því að kostnaður sem hlytist af útskiptingu á gírnum, þ.m.t. kostnaður við útvegum og ísetningu á nýjum gír, ætti annaðhvort að greiðast af tryggingafélagi álitsbeiðanda, eða álitsbeiðanda sjálfum. Skv. því sem fram kom í andsvörum seljanda mun hann ekki hafa gefið út reikning fyrir útskiptigírnum, þar sem hann telur að ekki sé komið í ljós hvort greiðandi hans verði álitsbeiðandi eða tryggingafélag hans.

Álitsbeiðandi telur hins vegar að gír sá sem seljandi seldi honum sé haldinn galla og sé sá galli m.a. fólgin í því að gírinn hafi alls ekki verið nægjanlega burðugur til að nýtast í bát sem ætlaður var til fiskveiða. Það sé á ábyrgð seljanda að gírinn sem seljandi ráðlagði sér að kaupa, hentaði alls ekki í bátinn. Þá telur álitsbeiðandi einnig að skrúfa sú er hann keypti af seljanda sé of stór. Krefst álitsbeiðandi að þessu leyti úrbóta, þ.e. að seljandi leggi sér til nýjan gír og skrúfu. Þá krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér útlagðan kostnað útskiptingar á gír sem fram fór í júní 2012, kr. 49.196, með dráttarvöxtum frá 1. júlí 2012. Þá gerir álitsbeiðandi frekari bótakröfur vegna tapaðs hagnaðar, kr. 852.222 og vegna annarra útgjalda í tengslum við bilun á gírnum, kr. 146.944. Þá gerir álitsbeiðandi kröfu vegna gengismunar í tengslum við reikning seljanda frá 28. apríl 2011, kr. 63.222, auk dráttarvaxta. Auk þessa krefst álitsbeiðandi viðurkenningar á að ábyrgð seljanda á hinum seldu hlutum sé tvö ár, sem og að álitsbeiðandi telur að vél sú er hann keypti af seljanda nái ekki uppgefnum hámarks snúningshraða og krefst þess að seljandi tryggi að vélin nái hámarks snúningshraða sem gefinn hafi verið upp, þ.e. 3600 snúningar á mínútu.

Seljandi hefur hafnað öllum kröfum álitsbeiðanda. Hefur seljandi tekið það sérstaklega fram að hann telji að gírinn sé ekki haldinn galla, heldur megi leiða bilun hans af því að álitsbeiðandi fékk tóg í skrófu báts síns.

Í 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup er fjallað um tilkynningar vegna galla. Í 2. mgr. 32. gr. segir að ef kaupandi leggi ekki fram kvörtun vegna galla innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Rétt er þó að taka fram að skv. 3. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup eru ákvæði laganna frávikjanleg þegar kveðið er á um slíkt í samningi aðila, með fastri venju milli þeirra, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verði bindandi milli aðila. Skv. fyrirbyggjandi gögnum máls, m.a. í tilboði seljanda og í reikningi vegna kaupanna, kemur ekkert fram um að frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla sé skemmri en sá frestur sem kveðið er á um í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, þ.e. tvö ár. Álitsbeiðandi kvartaði undan galla að því er virðist, hinn 6. júní 2012. Á því tímamarki voru ekki liðin tvö ár frá því kaupin fóru fram. Er það því mat kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi kvartað undan galla við seljanda innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

## 2.

Í IV. kafla laga nr. 50/2000 er fjallað um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Þar segir í b-lið 2. mgr. 17. gr. að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess. Í 1. mgr. 18. gr. laganna segir síðan m.a. að reglur um galla gildi einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla megi að hafi áhrif á kaupin. Getur ákvæðið þannig átt við þegar seljandi gefur rangar eða ófullnægjandi upplýsingar eða leiðbeiningar um söluhlutinn sem leiða til þess að söluhluturinn er notaður eða settur saman á rangan hátt með þeim afleiðingum að tjón verður á söluhlutnum. Söluhlutur er þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ skv. 1. mgr. 30. gr. laganna.

Í máli þessu hefur kærunefndin gert nokkuð víðtæka athugun á hvað olli því að vél í bát álitsbeiðanda hætti að knýja skrófu hans hinn 4. júní 2012. Var athugunin m.a. fólgin í því að kærunefndin sendi báðum aðilum málsins bréf þar sem leitast var við að fá svör um ýmis atriði er vörðuðu ísetningu og notkun á þeim söluhlutum sem álitsbeiðandi keypti af seljanda, þ.e. bátsvél, gír og skrófu ásamt stjórnækjum o.fl. Leiddi sú athugun ekkert óeðlilegt í ljós. Þá fóru starfsmaður kærunefndarinnar og sérfræðingur hennar á starfstöð seljanda hinn 3. mars sl. og skoðuðu þar gír þann er álitsbeiðandi taldi að væri haldinn galla. Leiddi sú skoðun í ljós að gírinn var ekki haldinn neinum merkjanlegum annmörkum, þ.e. ekki mátti merkja á gírnum að hann hefði skemmst við notkun, né að hann hafi verið haldinn framleiðslugalla eða öðrum ágalla. Er gírinn hannaður þannig að í honum er eins konar öryggi sem virkar á þann hátt að tengingin í gírnum getur gefið eftir. Tengingar sem þannig eru hannaðar eru „kónískar“ og er skiptimúffan sem færð er við skiptin á milli áfram og afturbak tengingar á gengju, þ.e. við meira vélarátak í gírinn þá tengist kóníska tengingin betur saman við gírhjólið/skrúfuöxulinn. Virknin byggist á því að rétt skrúfa sé notuð, þ.e. að hún skrúfi réttisælis miðað við að staðið sé fyrir aftan bátinn og horft á skrúfunu, en skrúfan á bát álitsbeiðanda er þannig úr garði gerð. Snúningur skrúfunnar réttisælis hefur áhrif á skiptimúffuna í gírnum og vegna þess að múffan er á gengjum gengur hún í áframgírhjólið og tengir.

Telur kærunefndin að skýra megi atvik málsins með þeim hætti að þegar að álitsbeiðandi fékk tóg í skrófu báts síns hinn 16. maí sl. hafi tengingin í gírnum gefið eftir, þ.e. snuðað, en þar sem vélin í bát álitsbeiðanda var, skv. gögnum málsins, á lágum snúningi þegar



Þetta gerðist og þar sem drepið var strax á bátnum, skemmdist gírinna ekki við átökin. Við að fá tógið í skrúfunu hafi afstaða skrúfunnar og skrúfuöxulsins breyst við gírinna, en afstaðan er mikilvæg fyrir vinnslu gírins. Virðist gírinna heldur ekki hafa gengið nægjanlega mikið úr lagi til þess að hann hætti að tengja við vél og því gekk skrúfa bátsins áfram í nokkurn tíma. Þar sem kúplingin var ekki endurstíllt í kjölfar þessa leiddi það til þess að hinn 4. júní 2012 hætti gírinna endanlega að ná tengingu við vél bátsins, með þeim afleiðingum að skrúfa hans hætti með öllu að snúast. Þó aðilar máls séu ósammála um það hvort álitsbeiðandi hafi tjáð seljanda að hann hefði fengið tóg í skrúfunu, benda þær leiðbeiningar sem seljandi veitti álitsbeiðanda, í kjölfar þess að gírinna hætti að virka, til þess að seljandi hafi ekki verið meðvitaður um það á þeim tímapunkti að álitsbeiðandi hafi fengið tóg í skrúfunu, en í stað þess að leiðbeina álitsbeiðanda um endurstíllingu á skrúfuöxli við gír lét seljandi álitsbeiðanda athuga olíuhæð og önnur þau atriði sem gætu haft áhrif á virkni gírins. Þegar þær athuganir leiddu ekkert í ljós afréð seljandi að panta nýjan gír fyrir álitsbeiðanda. Afstaða gírins hefur síðan væntanlega verið yfirfarin og stíllt við ísetningu á hinum nýja gír. Er það því mat kærunevndarinnar að ástæða þess að gírinna í bát álitsbeiðanda hætti að virka eftir um 26 tíma notkun megi rekja til þess að tóg kom í skrúfu báts álitsbeiðanda og afstaða skrúfunnar og skrúfuöxulsins við gírinna var ekki athuguð í kjölfarið, þ.e með því að öxuldraga öxulinn úr bátnum og kanna hvort hluti tógsins hafi herst á milli skrúfunnar og skutpípunnar og því breytt afstöðunni við gírinna eða hvort öxulinn hafi bagnað við skrúfunu eða dregist aftur og komið þannig í veg fyrir tengingu. Telur kærunevndin því að ástæður þess að gír í bát álitsbeiðanda hætti að virka hinn 4. júní 2012 megi rekja til álitsbeiðanda sjálfs eða aðstæðna sem hann varða í skilningi 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Kærunevndin framkvæmdi einnig sjálfstæða athugun á því hvort fullyrðing álitsbeiðanda um að gírinna sem hann keypti af seljanda hentaði ekki í bát hans ætti við rök að styðjast. Í handbók sem jafnan fylgir með hinum umdeilda gír við sölu hans, er tekið fram hvaða stærð báts eða vélar gírinna henti. Þar kemur fram að umræddur gír sé gerður fyrir skemmtibáta eða létta vöruflutningabáta. Sé miðað við skemmtibáta sé heppileg notkun á ársgrundvelli 500 klst. og hámarks inngjöf sé ekki meiri en 5% af þeim tíma. Sé miðað við létta vöruflutninga er notkunin 2000 tímar á ári. Gírinna er gefinn upp fyrir að þola 47 hestöfl í skemmtibát og 32 hestöfl fyrir létta vöruflutninga. Vélin í bát álitsbeiðanda er, skv. gögnum málsins, 25-27 hestöfl. Miðað við þá notkun sem álitsbeiðandi ætlar bát sínum bendir því ekkert til annars en að gírinna henti vel í bát hans.

Samkvæmt framanröktu er það því álit kærunevndarinnar að gírinna sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 28. apríl 2011 sé ekki haldin galla í skilningi 17. eða 18. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Verður því að hafna þeim kröfum er álitsbeiðandi gerir á þeim grundvelli, þ.m.t. kröfum um skaðabætur. Þá telur kærunevndin jafnframt ekkert benda til þess að skrúfan sem álitsbeiðandi keypti af seljanda á sama tíma henti ekki til notkunar í bát hans.

Í málinu hefur álitsbeiðandi einnig gert tvönnar kröfur sem ekki tengjast með neinum hætti galla á framangreindum gír. Gerir álitsbeiðandi í fyrsta lagi kröfu um að vél sú er hann keypti af seljanda nái uppgefnum snúningshraða en álitsbeiðandi segir að vélin eigi að ná 3600 snúningum á mínútu. Hann hafi hins vegar ekki komið vélinni í meiri snúning en 1500 á mínútu. Kærunevndin telur að ástæða þessa sé ekki sú að umrædd vél nái ekki hámarks snúningshraða, heldur fremur að stjórnþæki bátsins séu ekki samhæfð og sýni því ekki þann snúningshraða er vélin raunverulega nái. Telur kærunevndin að kröfum um úrbætur að þessu leyti verði að beina að þeim aðila sem annaðist ísetningu vélar og tengdra hluta í bát álitsbeiðanda, en ekki að seljanda og hafnar því þessari kröfu álitsbeiðanda. Síðari krafa álitsbeiðanda snýr að gengismun vegna reiknings seljanda frá 28. apríl 2011. Segir álitsbeiðandi að gengi USD hafi verið mun lægra á útgáfudegi reikningsins hinn 28. apríl en fjárhæð reikningsins miðaði við. Reikningur seljanda hafi því verið kr. 63.222 hærri en hann átti að vera. Kærunevndin fær ekki annað séð, skv. gögnum máslins, en að tilboð seljanda hafi

miðað við gengi USD á þeim tíma sem seljandi lagði inn pöntun á þeim söluhlutum sem hann síðan seldi álagsbeiðanda. Fær kæruneftndin því ekki séð að aðlar máls hafi samið um að kaupverð miðað við gengi USD á síðara stigi, þ.e. við útgáfu reiknings. Verður kæruneftndin því að hafna kröfu álagsbeiðanda um að seljandi gerið honum kr. 63.222.

Kæruneftndin hefur tekið til skoðunar allar athugasemdir álagsbeiðanda við niðurstöðu nefndarinnar frá 13. mars 2013 sem og við álit bifvélavirkja nefndarinnar frá 11. mars. s.á. Þau gögn og þær ábendingar, þ.m.t. álit vélvirkja á sama, eða samskonar gir og um ræðir í málinu, geta að mati nefndarinnar ekki haft nein áhrif á þær tvær grundvallarniðurstöður í málinu sem eru annars vegar sú að umræddur gir eigi samkvæmt upplýsingum framleiðanda að henta í bát álagsbeiðanda m.v. stærð vélar, báts og skrófu, og geti því ekki talist gallaður á grundvelli þess að hann henti ekki í bát álagsbeiðanda yfirleitt miðað við stærð og gerð, og hins vegar þeirrar niðurstöðu að girinn sjálfur hafi ekki verið haldinn neinum mekanískum galla, þ.e. að ekkert hafi amað að girnum. Þessum niðurstöðum hefur að mati nefndarinnar ekki verið hnekkt að neinu leiti í athugasemdum álagsbeiðanda til nefndarinnar og til umboðsmanns Alþingis. Þá er álit véltækniþræðings frá 19. nóvember sl., sem álagsbeiðandi aflaði, í raun samhljóða áliti bifvélavirkja nefndarinnar að því leyti að komist er að þeirri niðurstöðu að ekkert ami í raun að umræddum gir. Fær því kæruneftndin ekki séð neitt tilefni til að breyta niðurstöðum sínum.

#### **XIV** **Álitsorð**

Kröfum álagsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir